

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1138
komudagur 3.3.2006

Reykjavík, 27. febrúar 2006.

Alþjóðahúsinu ehf. hefur borist til umsagnar frá Allsherjarnefnd Alþingis, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla. Af því tilefni vill húsið koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um þá efnisbreytingu á 8. gr. gildandi laga, að undanþága frá skólasókn geti hvort heldur sem er náð til einstakra námsgreina eða að öllu leyti til náms í tiltekinn tíma. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að skólastjórar geti því beitt þessu lagaákvæði til að auka sveigjanleika einstakra nemenda í skólasókn, m.a. með hliðsjón af reglubundinni íþrótt- eða tónlistariðkun þeirra, fjarkennslu eða af öðrum ástæðum sem skólastjóri meti gildar.

Að mati Alþjóðahúss gætu aðrar ástæður t.d. átt við um nemendur af erlendum uppruna, þ.e. aukið sveigjanleika þeirra til náms, einkum ef þeir hafa nýlega hafið nám eða eiga á einhvern hátt í erfiðleikum með að fylgjast með í námi. Til dæmis gæti nemandinn einbeitt sér að íslenskunámi, ef hann fengi tímabundna undanþágu frá tilteknu öðru námsefni.

2. Þær breytingar, sem í 16. gr. og 19. gr. frumvarpsins, er lagt til að gerðar verði á gildandi ákvæðum 31. og 35. gr. laganna, telur Alþjóðahúsið til bóta. Vart þarf að áréttta mikilvægi þess að tekið verði tillit til allra aðstæðna nemenda af erlendum uppruna, við gerð námskrár, tilhögun kennslu og annan aðbúnað í skólanum, svo uppfylla megi það markmið lagaanna að kennslunni skuli hagað að þörfum hvers og eins nemanda.

Virðingarfyllst,



Margrét Steinarsdóttir
lögfræðingur Alþjóðahúss

Alþingi
Erindi nr. P 132/1139
komudagur 3.3.2006

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is


Akureyri 1. mars 2006


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík


Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um grunnskóla, 447. mál, sjálfstætt reknir grunnskólar o.fl. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:


Stjórnin gerir ekki efnislegar athugasemdir við einstök efnisatriði frumvarpsins en telur að, líkt og í gildandi grunnskólalögum séu ákvæði frumvarpsins um margt of nákvæm og margt af því sem um er fjallað í frumvarpinu ætti betur heima í reglugerð. Lögin eigi að mynda ramma en nánari útfærsla að koma fram í reglugerð.


f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri
















Félag náms- og starfsráðgjafa
Kennarahúsinu v/ Laufásveg
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. mars 2006

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum. Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS) óskar eftir að koma eftirfarandi á framfæri við menntamálanefnd Alþingis:

Almennar athugasemdir

Í athugasemdum við lagafrumvarp eru gefnar skýringar á þeim breytingum sem lagðar eru fram. Breytingar hafa orðið á grunnskólastiginu eftir útgáfu aðalnámsskrár 1999 og reynsla komin á eftir að rekstur grunnskólans fluttist frá ríkinu til sveitarfélaga. Hér er væntanlega verið að samræma grunnskólalög við það umhverfi sem að grunnskólarnir búa við nú. Náms- og starfsráðgjafar eru talsmenn og hagsmunagæsluáðilar nemenda og þeirra sem til hans leita. FNS telur það góðs viti að auka þátt nemenda í skólastarfinu sbr. liður 5 í athugasemdum og að lögfest verði ákvæði sem snúa að námsumhverfi nemenda og vellíðan þeirra í skólastarfi. Vellíðan nemenda í skóla hefur mikið að segja þegar litið er til almenns námsárangur og ekki síst þroska hvers og eins einstaklings. FNS sammála því að brýnt sé að tryggja að námsumhverfi nemenda styðji þá á skólagöngu sinni og á leið þeirra um menntavegin og eru náms- og starfsráðgjafar mikilvægur þáttur í því ferli.



Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Í 3. grein er verið að fjalla um breytingu á málsmeðferðarreglu 6.gr. gildandi laga er varðar þau tilvik ef misbrestur verður á skólasókn skólaskylds barns á þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli. Náms- og starfsráðgjafar ásamt kennurunum og skólastjórnendum vaka yfir velferð nemenda sinna og oft leita nemendur til náms- og starfsráðgjafa þegar eitthvað bjátar á eða þeim líður illa. Mál eins og einelti, ofbeldi, vanræksla ofl. koma oft og iðulega á borð náms- og starfsráðgjafa og reyna þeir að leita úrlausna í samræmi við fag- og sérþekkingu þeirra. Náms- og starfsráðgjafar ber að sinna tilkynningaskyldu til barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á um vanrækslu, vanhæfni eða framferði forráðamanns. Hér er bent á að mál barna sem eiga í erfiðleikum koma inn á borð náms- og starfsráðgjafa og með fagþekkingu sinni aðstoða þeir nemendur við að finna lausn á vandanum.

Í 7. grein er kveðið á um breytingar á hlutverki skólanefnda – að auk þess að hafa það hlutverk að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla að jafnframt að stuðla að tengslum og samstarfi grunnskóla og framhaldsskóla. FNS er sammála þessari breytingu þar sem einmitt mikilvægt er að allir aðilar innan skólakerfisins stuðli að samfelli í námi og að virk samræða fari fram á milli skólastiga.

Í 10. grein er verið að fjalla um gerð skólamannvirkja. FNS er sammála þeirri breytingu sem lagt er til að gerði verði á 2. málslíð 2.mgr. þar sem kemur fram að grunnskólinn sé vinnustaður nemenda og að við hönnun og byggingu skólahúsnæðis verði tekið mið af þörfum nemenda og líðan þeirra.

Í 14. grein er lagt til að fella brott ákvæði í 2 mgr. þar sem lögbundnar eru áherslur í skólastarfi. FNS vill í því sambandi ítreka rétt nemenda til að hafa aðgengi að náms- og starfsráðgjöf og njóta aðstoðar við náms- og starfsval og náms- og starfsfræðslu. Telur FNS það mikilvægt að sá réttur sé lögbundinn.

Í 16. grein er lagt til að bæta inn umfjöllun um skólaheilsugæslu. Vill FNS benda á að hér væri einnig rétt að fjalla um náms – og starfsráðgjöf.



Varðandi 17. grein styður FNS aukinn sveigjanleika í námi þar sem verið er að auka möguleika nemenda sem standa höllum fæti í námi. Þá má benda á mikilvægi náms- og starfsráðgjafa í þeim málum.

FNS er sammála þeirri breytingu sem kemur fram í 19. grein varðandi 35. lið gildandi laga – að það verði kveðið á um að allir nemendur grunnskólans eigi rétt á hvetjandi námsumhverfi í viðeigandi húsnæði sem taki mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2006

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995,
um grunnskóla, með síðari breytingum**

Eftirfarandi eru athugasemdir Heimilis og skóla við einstaka greinar frumvarpsins.

3. gr.

2. másl. 1 mgr. 6. gr.

”Eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda.”

Samtökin telja að orða þurfi þetta skýrar, t.d. að alvarlegan misbrest á skólaskókn skuli tilkynna til barnaverndaryfirvalda.

7.gr.

5. másl. 2. mgr. 12. gr

Það er nauðsynlegt að setja reglugerð um þetta samstarf á milli skólastiga. Hér þarf að huga að jafnræði til náms og að það sé ekki misjafnt eftir skólum eða sveitarfélögum hvort nemendur eru markvisst undirbúnir undir næsta skólastig eða ekki. Þannig þarf að tryggja að það sé ekki tilviljanakennt að nemendur fái þessa þjónustu.

8. gr.

2. mgr. 16. gr.

Í nýjum málslið er talað um umsagnir foreldraráða um „fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla“. Samtökin álíta orðið „meiriháttar“ of takmarkandi. Hvers er að skilgreina hvað er meiriháttar og hvað er minniháttar? Lagt er til að greinin hljóði svo:

”Foreldraráð skal jafnframt fá til umsagnar fyrirhugaðar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla í tíma til að hægt sé að taka athugasemdir þess til greina áður en til ákvörðunar kemur.”

Einnig þarf að breyta eftirfarandi:

..foreldrar ”velja” fulltrúa í að foreldrar ”kjósa” fulltrúa á opnum fundi.

...Gefur umsögn um allar aðrar áætlanir einnig þær sem tengjast rekstri.

Skólastjóri starfar með foreldraráði breytist í ...”Skólastóri veitir foreldraráði upplýsingar um skólastarfið og fundar reglulega með foreldraráði. Foreldraráð og skólastjóri setja sér fundaráætlun í upphafi vetrar. Foreldraráð getur einnig fundað reglulega án skólastjóra.”



Það þarf að vera skýrt að fundir eru ekki á forsendum skólastjóra og það sé ekki þannig að ráðið geti ekki fundað án skólastjóra en þannig hafa margir skólastjórar túlkað þetta.

Þá er nauðsynlegt að taka út ákvæði um undanþágu vegna fámennis. Í mörgum mjög fámennum skólum eru foreldrafélög en ekki foreldraráð. Þar gegna foreldrafélög oft hlutverki foreldraráðs að einhverju leyti en ætti í raun að vera öfugt, þ.e. foreldraráð sjái um hlutverk foreldrafélags. Fólk þarf að gera sér grein fyrir að í fámennum skólum megi sameina þetta.

Aðrar athugasemd Heimilis og skóla við 16. grein laganna.

Ákvæði um foreldraráð eru rýr í grunnskólalögum og fyrirhugaðar breytingar bæta litlu þar um. Sbr. niðurstöður nýlegrar könnunar menntamálaráðuneytis á starfsemi foreldraráða er full þörf á sérstakri reglugerð um hlutverk foreldraráða þar sem m.a. kæmi fram hvernig skuli staðið að kosningu foreldra í foreldraráð, útlitun á starfssviði ráðanna, tillögur um starfshætti og tillaga um þóknun fyrir störf í ráðunum.

Þörf fyrir reglugerð um hlutverk foreldraráða er einnig brýn í ljósi fyrirhugaðra breytinga um aukinn stuðning sveitarfélaga við sjálfstæða skóla og almennt auknar áherslur innan sveitarfélaga á aukið faglegt og rekstrarlegt sjálfstæði skóla. Með þessu færast starfsemin fjær pólitísku valdi og sveitarstjórnnum. Það sem skortir þó er virkt aðhald með starfseminni en rannsóknir hafa sýnt að sveitastjórnir hafa ekki virkt aðhald með starfsemi skóla. Til að hægt sé að feta áfram á þessari leið til aukins sjálfstæðis er mikilvægt að hugað verði að þætti foreldra í virku aðhaldi, sem og stofnun skólastjórna.

Lagt er til að menntamálaráðherra útfæri hlutverk foreldraráða í reglugerð að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og samtökin Heimili og skóla.

10. gr.

Hér ætti að vera ákvæði um *rýmislykil vegna skólahúsnaðis*, þ.e. viðmið um stærðir. Lágmarks- og hámarksfjöldi nemenda í bekkjardeild hefur verið afnuminn hjá flestum sveitarfélögum en spurning er hvort tekið sé tillit til stærðar skólastofu/heimasvæða þegar fjöldi nemenda í bekk/hópum er ákvarðaður.

12.gr.

Samtökin telja það ekki vera til bóta að taka út ákvæði um aðstoðarskólastjóra. Ef fækka á stjórnendum í skóla um einn, á hverjum lendir þá sú vinna sem viðkomandi hefur sinnt? Með auknu rekstrarlegu forræði skólastjórnenda hefur þróun víða verið í þá átt að aðstoðarskólastjórar sjá um faglegt starf, matsmál, forföll sem og agamál þar sem starf skólastjóra er orðið svo viðamikilið og rekstur stór hluti af því. Einnig kemur fram í nýrri setningu í málsgreininni að ákveða skuli hver úr hópi fastra starfsmanna skuli annast skólastjórn í forföllum. Þarna eru ekki gerðar neinar faglegar kröfur til viðkomandi sem við teljum ekki eðlilegt.

F.h. Heimilis og skóla

Elín Thorarensen

Elín Thorarensen
framkvæmdastjóri



2



Alþingi
Erindi nr. P 132/1165
komudagur 6. 3. 2006

Hjallastefnan

Til menntamálanefndar Alþingis

Frá Margréti Pálu Ólafsdóttur,
framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar ehf.
Vífilsstaðavegi 123
210 Garðabæ

Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, 447. mál, sjálfstætt reknir grunnskólar ofl.

Fyrir hönd Hjallastefnunnar ehf. lýsi ég yfir mikilli ánægju með frumvarp menntamála-
ráðherra um breytingu á grunnskólalögum nr. 66/1995 og lýsi í meginatriðum yfir
stuðningi við efni frumvarpsins. Eftirfarandi breytingatillögur eru þó lagðar til:

1. Að önnur setning fyrstu málsgreinar 23. gr. frumvarpsins falli brott eða að öðrum
kosti orðist svo: *Heimilt er að binda samþykki sveitarfélags við ákveðinn
hámarksfjölda nemenda úr viðkomandi sveitarfélagi.*
Það er fagleg og rekstrarleg nauðsyn fyrir sjálfstætt starfandi skóla að hafa val og
vald um eigin nemendafjölda án takmarkana og því mjög æskilegt að umrædd
setning falli út. Til vara vil ég þó leggja til til að sveitarfélag geti takmarkað fjölda
þeirra nemenda sem njóta framlags þeirra til að sækja nám í sjálfstætt starfandi
grunnskóla.
2. Að hækkað verði lögbundið lágmarksframlag með nemanda í sjálfstætt starfandi
grunnskóla úr 70% og 75% af landsmeðaltali eftir nemendafjölda skóla og miðað
verði við 80% og 85% þess í stað. Þar með myndu skólagjöld lækka verulega frá
því sem nú er sem er mikið hagsmunamál fyrir foreldra og nemendur sjálfstæðu
skólum. Eftir sem áður gæti sveitarfélag haft val um að greiða fullt framlag eða
100% af landsmeðaltali með sínum nemendum í sjálfstæðum skóla svo ekki komi
til skólagjalda. Að mati er jákvætt að bæði sveitarfélög og sjálfstæðir skólar hafi
þarna valkosti um að semja um hækkun frá 85% og upp í 100% framlag þar sem
fullt framlag sveitarfélags getur mögulega verið hamlandi fyrir athafnafrelsi og
ákvörðunarvald sjálfstætt starfandi grunnskóla.

Leikskólinn Hjalli
Hjallabraut 55
220 Hafnarfirði
sími 5653060
hjalli@hjalli.is

Barnaskóli Hjallastefnunnar
v/Vífilsstaðaveg
210 Garðabæ
sími 5557710
barnaskoli@hjalli.is

Leikskólinn Ásar
Bergási 1
210 Garðabæ
sími 5640200
asar@hjalli.is



Hjallastefnan

3. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir stofnstyrkjum til sjálfstætt starfandi skóla og leggur undirrituð til að í frumvarpið verði sett inn ákvæði um að sjálfstæðir skólar geti við tiltekna aðstæður og að uppfylltum ströngum kröfum, sótt um stofnstyrki til opinberra aðila. Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ var stofnsettur haustið 2003 í leiguhúsnaði sem krafðist mikilla endurbóta vegna reglugerða um vinnuvernd og brunavarnir auk þess sem almennur búnaðarkostnaður var mjög mikill í upphafi. Enn bera aðstandendur skólans þunga persónulega skuldabyrði vegna stofnunarinnar og þarf að skapa sanngjarna leið til að sjálfstæðir skólar geti orðið til án slíks fórnarkostnaðar.

Garðabæ, 2. mars 2006,

f.h. Hjallastefnunnar ehf.,



Margrét Pála Ólafsdóttir framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/977
komudagur 23.2.2006



KENNAHÁSKÓLI
ÍSLANDS

Reykjavík, 21. febrúar 2006
0602070 sk

Nefndarsvið Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla

Kennaraháskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um grunnskóla, 447. mál, sjálfstætt reknir grunnskólar o.fl.

Í athugasemum við frumvarpið segir að meginbreytingarnar sem það feli í séru séu einkum sex og verður stuttlega fjallað um hverja þeirra hér fyrir neðan.

1. *Um stofnun einkarekinna grunnskóla.* Í frumvarpinu er lagt til að hugtakið einkaskóli verði fellt niður og hugtakið sjálfstætt reknir grunnskólar notað í staðinn. Þessi hugtakanotkun er til mikilla bóta. Erlendis eru einkaskólar jafnan skólar sem ekki eru almenningskólar, heldur skólar sem oftast eru reknir af trúfélögum eða öðrum hópum sem vilja hafa sérstöðu í námskrá vegna skoðana sinna. Í þessum skólum eru jafnan innheimt skólagjöld. Hugtakið einkaskóli tekur því ekki til þess fyrirkomulags sem víða er að ryðja sér til rúms að setja á laggirnar opinbera almenningskóla sem eru einkareknir. Þá eru það einkaðilar sem sjá um rekstur skólans og hefur hann meira sjálfstæði um innri málefni en hefðbundnir almenningskólar. Slíkir skólar hafa verið nefndir samningskólar hér á landi¹. Þessir skólar lúta kröfum opinberra námskráa og skólagjöld eru ekki innheimt. Orðalagið sjálfstætt reknir grunnskólar er því heppilegt í þessu sambandi þar sem það tekur bæði til einkaskóla og samningskóla.
2. *Aðstoðarskólastjórar.* Í frumvarpinu er lagt til að fallið verði frá því að lögbinda ráðningu aðstoðarskólastjóra. Sveigjanleiki af þessu tagi er í samræmi við þá stefnu að efla sjálfstæði grunnskóla í rekstri og stjórnun. Í sumum grunnskólum er t.a.m. fyrirkomulag þess aðlis að embætti deildarstjóra eru umfangsmikil og geta tekið til málefna sem jafnan falla undir hlutverk

¹ Sjá nánar í grein eftir Bórk Hansen (2002) "Stuðlar einkarekstur almenningskóla að betra skólafarfi?" *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands.*

aðstoðarskólastjóra. Þá er í fámennum skólum oft ekki brýn þörf á þessu embætti. Aukinn sveigjanleiki er því æskilegur í þessu sambandi enda hafi þessi ráðstöfun ekki áhrif á fjárveitingu til stjórnunarstarfa í viðkomandi skólum.

3. *Ákvæði um lágmarkskennslustundafjölda og fleira.* Það sem talið er upp í lið þrjú í athugasemdum eru allt þættir sem auka sveigjanleika sem eðlilegt má telja að skólar útfæri í samræmi við kennslufræðilegar áherslur og aðstæður í viðkomandi skóla.
4. *Umsagnarréttur forlestraráða.* Þessi áhersla er í samræmi við þá stefnu að efla tengsl grunnskólans við þá hagsmunaaðila sem hann á einkum að þjóna. Foreldraráð gegna þar lykilhlutverki og má líta á þessa ráðstöfun sem lið í styrkja þeirra hlutverk og efla hlutdeild þeirra í stjórnun grunnskóla.
5. *Þáttur nemenda.* Að gera skylt að setja á laggirnar nemendaráð er leið til að virkja og tengja nemendur við við skólastarfið. Þess bera að geta að mikilvægt er að ala nemendur upp í lýðræðislegum vinnubrögðum og vitund um samfélagsleg málefni allt frá unga aldri.
6. Ekki er brugðist við þessum lið sem tekur til lagatæknilegra atriða.

Virðingarfyllst,



Svanhildur Kaaber
skrifstofustjóri, skrifstofu rektors



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Alþingi
Erindi nr. P 132/1168
komudagur 6.3.2006

Reykjavík, 6. mars 2006
2006020134
90.6

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Umsögn menntaráðs Reykjavíkur um frumvarp til laga um grunnskóla

Á fundi menntaráðs Reykjavíkur 2. mars sl. var lagt fram erindi frá menntamálanefnd Alþingis dags. 10. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn menntaráðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla.

Meðfylgjandi er samþykkt umsögn menntaráðs um frumvarpið sem og samþykkt menntaráðs frá 20. október 2005 (fskj. 1) og bókun tveggja af fulltrúum Reykjavíkur lögð fram á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. október 2005 (fskj. 2).

Virðingarfyllst

Gerður G. Óskarsdóttir
sviðsstjóri Menntasviðs



Reykjavík, 3. mars 2006

Umsögn menntaráðs Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla

Fram hefur komið að menntamálaráðherra hyggist beita sér fyrir heildarendurskoðun á grunnskólalögum nr. 66/1995. Menntaráð fagnar þeim áformum og hvetur til að í þær verði ráðist sem fyrst. Margt hefur breyst í umhverfi skólanna síðan 1996 og því full ástæða til að endurskoða grunnskólalög í heild sinni. Í því tilefni skal minnt á tillögur starfshóps á vegum fræðsluráðs Reykjavíkur sem birtust í skýrslu útgefinni í maí 2004. Þar er m.a. lagt til að skoðaður verði sveigjanleiki í aldri nemenda við upphaf og lok skólaskyldu og losað um höft viðmiðunarstundaskrár. Býnt er að fara sem fyrst í heildarendurskoðun laganna með það að markmiði að draga úr miðstýringu og að auka svigrúm einstakra skóla og sveitarfélaga til að þróa skólastarfið í samræmi við þarfir íbúa og áherslur á hverjum stað. Þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi koma engan vegin til móts við þá þörf. Þvert á móti þá fela þau í sér aukna tilhneigingu til miðstýringar á skólastarfi. Menntaráð Reykjavíkur leggur því til að frumvarpinu verði vísað frá í heild sinni og nú þegar hefjist vinna við heildarendurskoðun laganna í samstarfi við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.

Fari frumvarpið áfram til meðferðar Alþingis, vill menntaráð mótmæla harðlega ákvæðum sem birtast í 23. grein frumvarpsins þar sem lögbundið er framlag sveitarfélags til einkaskóla. Það verður að teljast óeðlilegt að Alþingi skuli með þessum hætti lögbinda framlag til einkaskóla, enda framlög til annarra þátta skólastarfs á forræði sveitarfélaga en ekki bundin í lögum. Bent er á að framlög til almennra grunnskóla eru eðlilega ekki bundin samkvæmt þessu frumvarpi, en þeir eru þó sóttir af yfir 95% allra barna á skólaskyldualdri. Þetta ákvæði er auk þess á skjön við sjálfsforræði einstakra sveitarfélaga og eru engin fordæmi um slíka ríkisforsjá um málefni sem eru á rekstrarlegri ábyrgð sveitarfélaga. Menntaráð leggur áherslu á að þessi tillaga er í andstöðu við sjálfsforræði sveitarfélaga og mælist til þess að grein 23 falli brott.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi samþykktar menntaráðs frá 20. október 2005 og jafnframt er í meginatriðum tekið undir meðfylgjandi umsögn stjórnar Samband íslenskra sveitarfélaga og bent á bókun tveggja af fulltrúum Reykjavíkur á fundi Sambandsins 21. október 2005.

Umsögnin var samþykkt með 4 atkvæðum gegn 3 á fundi menntaráðs Reykjavíkur

Á 19. fundi menntaráðs Reykjavíkur 20. október 2005 lögðu fulltrúar R-lista fram eftirfarandi tillögu vegna frumvarps til laga um breytingu á grunnskólalögum:

Menntaráði Reykjavíkurborgar hafa borist til kynningar drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum til grunnskóla nr. 66/1996. Í tilefni af því samþykkir menntaráð eftirfarandi:

Ráðið harmar að ekki skuli ráðist í heildarendurskoðun laganna eins og margboðað hefur verið og hvetur til að það verði gert strax.

Í fyrsta lagi mótmælir menntaráð Reykjavíkur aukinni tilhneigingu til miðstýringar á skólastarfi sem felst í tillögum um breytingu á grunnskólalögum. Þessi tilhneiging birtist í ýmsum greinum tillögunnar, s.s. í 2. grein frumvarpsdraga þar sem gert er ráð fyrir að menntamálaráðuneytið skuli setja reglur um skólaakstur sem eru á starfssviði sveitarfélaga. Þótt það sé jákvætt í sjálfu sér að lögbinda stofnun nemendaráða í grunnskólum telur menntaráð óþarft að setja í lög ákvæði um hvernig þau skuli starfa. Í greinum sem fjalla um húsnæði grunnskóla (10. gr. og 11. gr.) er enn þrengt að svigrúmi sveitarfélaga t.d. með því að menntamálaráðuneytið setji sérstaka reglugerð um öryggismál í skólahúsnæði og á skólalóðum.

Í öðru lagi mótmælir menntaráð ákvæðum sem birtast í 23. grein frumvarpsdraganna þar sem lögbundið er framlag sveitarfélags til einkaskóla. Það verður að teljast óeðlilegt að ráðuneytið skuli með þessum hætti lögbinda framlag til einkaskóla, enda framlög til annarra þátta skólastarfs á forræði sveitarfélaga en ekki bundin í lögum. Bent er á að framlög til almennra grunnskóla eru eðlilega ekki bundin samkvæmt þessum frumvarpsdrögum, en þeir eru þó sóttir af yfir 95% allra barna á skólaskylduáldri. Þetta ákvæði er auk þess á skjön við sjálfsforræði einstakra sveitarfélaga og eru engin fordæmi um slíka ríkisforráðgjafi um málefni sem eru á rekstrarlegri ábyrgð sveitarfélaga. Því telur menntaráð ekki tilefni til að fjalla um hvernig reikna á framlagið, bendir einungis á að þessi tillaga er í andstöðu við sjálfsforræði sveitarfélaga og mælist til þess að grein 23 falli brott.

Í þriðja lagi harmar menntaráð að ekki skyldi ráðist í umfangsmeiri breytingar á grunnskólalögum í þá veru að draga úr miðstýringu og að auka frjálssræði einstakra skóla og sveitarfélaga til að móta starf þeirra. Margt hefur breyst í umhverfi skólanna síðan 1996 og því full ástæða til að endurskoða grunnskólalög í heild sinni. Í því tilefni skal minnt á tillögur starfshóps á vegum fræðsluráðs Reykjavíkur sem birtust í skýrslu útgefinni í maí 2004. Þar er m.a. lagt til að skoðaður verði sveigjanleiki í aldri nemenda við upphaf og lok skólaskyldu og losað um höft viðmiðunarstundaskrár. Menntaráð hvetur ráðherra menntamála til að fara sem fyrst í slíka heildarendurskoðun með það að markmiði að draga úr miðstýringu og að auka svigrúm einstakra skóla og sveitarfélaga til að þróa skólastarfið í samræmi við þarfir íbúa og áherslur á hverjum stað.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Endurrit úr fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

729. stjórnarfundur 21. október 2005


Eftirfarandi var bókað á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. október 2005 í tengslum við afgreiðslu stjórnarinnar á umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á grunnskólalögum:

Árni Þór Sigurðsson og Steinunn Valdís Óskarsdóttir lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Við getum með engu móti staðið að þeirri umsögn um umrætt frumvarp sem hér er lögð fram. Þó er rétt að taka fram að í umsögninni er vikið að mörgum atriðum í frv. sem mikilvægt er fyrir sveitarfélögin að koma á framfæri og eiga fyllilega rétt á sér. Í umsögninni er fjallað um eitt djúpstæðasta ágreiningsefni stjórnmalanna í skólamáli með þeim hætti að engin pólitísk sátt getur orðið um það á vettvangi stjórnar sambandsins.

Frumvarp menntamálaráðherra gerir ráð fyrir grundvallarbreytingum á grunnskólalögum hvað varðar rekstur einkaskóla. Til þessa hafa grunnskólalög verið afdráttarlaus um það að einkaskólar eigi ekki kröfu til styrks af almannaþé en frumvarpið gerir slíkan styrk nú lögboðinn, fallist sveitarstjórn á stofnun viðkomandi einkaskóla. Við teljum í fyrsta lagi að það sé allsendis óeðlilegt og í mótsögn við almenna stefnu sambandsins um sjálfsforræði sveitarfélaga, að fallast á þessa grundvallarbreytingu. Í öðru lagi er ljóst að allt aðrar forsendur en fjárhagslegar eru lagðar til grundvallar þegar fjallað er um hvort samþykkja skuli stofnun einkaskóla. Þar verða faglegar forsendur látnar ráða. Með lagagreininni er því í raun verið að svipta sveitarfélögin fjárhagslegu sjálfstæði hvað þetta atriði varðar. Samband íslenskra sveitarfélaga getur að okkar mati aldrei stutt slíkt, alveg burtséð frá því hvaða stjórnmalaskoðanir stjórnarmenn í sambandinu hafa. Í umsögninni er ennfremur því haldið fram að eðlilegt sé „því að lögbinda að sveitarfélag sem samþykkir stofnun einkarekins grunnskóla skuli jafnframt greiða til hans rekstrarframlag til að styðja eðlilegan rekstrargrundvöll viðkomandi skóla í samræmi við stöðugildi starfsmanna og fjölda nemenda“. Þessu sjónarmiði erum við algjörlega andvíg enda endurspeglar það fyrst og fremst viðhorf þeirra sem mjög leggja áherslu á einkarekna grunnskóla.

Þá ber að mótmæla þeim vinnubrögðum menntamálaráðherra að ráðast í endurskoðun grunnskólalaga án formlegrar aðildar sveitarfélaganna í landinu sem tóku alfarið við rekstri grunnskólans árið 1996. Er engu líkara en ráðuneytinu hafi yfirsést sú staðreynd að sveitarfélögin hafa nú allan rekstur grunnskólans með höndum og eru skólamálin langstærsti málaflokkur í rekstri flestra ef ekki allra sveitarfélaga. Engin ástæða er fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga að hlífa ráðuneytinu við réttmætri gagnrýni á vinnubrögð ráðuneytisins í þessu máli.“



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1123
komudagur 2.3.2006

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi menntamálanefnd
b.t. Elísabetar Ránar Andrésdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 28. febrúar 2006

0602070SA ÞS/gk
Tilv.: 340

Efni: Frumvarp til laga um grunnskóla

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 24. febrúar sl. var lagt fram bréf menntamálanefndar Alþingis, dags. 10. febrúar 2006, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um grunnskóla, 447. mál.

Samþykkt var að senda umsögn sem sambandið sendi frá sér meðan drög að frumvarpi voru til meðferðar í menntamálaráðuneytinu á sl. ári og þær bókanir sem einstakir stjórnarmenn lögðu fram á þeim tíma, sbr. 3. tölulið fundargerðar 729. fundar frá 21. október 2005.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri



Endurrit úr fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

729. stjórnarfundur 21. október 2005

Eftirfarandi var bókað á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. október 2005 í tengslum við afgreiðslu stjórnarinnar á umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á grunnskólalögum, 3. töluliður:

Drög að frumvarpi til breytinga á lögum um grunnskóla - 0509350SA

Lögð fram að nýju drög að frumvarpi til breytinga á grunnskólalögum og drög að umsögn sambandsins um frumvarpsdrögin. Menntamálaráðherra hefur aflétt trúnaði af málinu samkvæmt tilmælum stjórnar á síðasta stjórnarfund, sbr. 4. tölulið, staflið a, í fundargerð 728. fundar stjórnarinnar 23. september 2005.

Sviðsstjóri lögfræðisviðs sambandsins gerði grein fyrir drögum að umsögn sambandsins.

Drögin voru samþykkt með fimm atkvæðum gegn tveimur atkvæðum Árna Þórs [Sigurðssonar] og Steinunnar Valdísar [Óskardóttur]. Elín [R. Línal], Lárus [G. Valdimarsson] og Þorvaldur [Guðmundsson] sátu hjá og óskuðu bókað að það væri vegna þess að þau væru á móti ákvæðum 23. greinar frumvarpsdraganna.

Árni Þór og Steinunn Valdís lögðu fram eftirfarandi bókun:

„Við getum með engu móti staðið að þeirri umsögn um umrætt frumvarp sem hér er lögð fram. Þó er rétt að taka fram að í umsögninni er vikið að mörgum atriðum í frv. sem mikilvægt er fyrir sveitarfélögin að koma á framfæri og eiga fyllilega rétt á sér. Í umsögninni er fjallað um eitt djúpstæðasta ágreiningsefni stjórnmalanna í skólamálum með þeim hætti að engin pólitísk sátt getur orðið um það á vettvangi stjórnar sambandsins.

Frumvarp menntamálaráðherra gerir ráð fyrir grundvallarbreytingum á grunnskólalögum hvað varðar rekstur einkaskóla. Til þessa hafa grunnskólalög verið afdráttarlaus um það að einkaskólar eigi ekki kröfu til styrks af almannafé en frumvarpið gerir slíkan styrk nú lögboðinn, fallist sveitarstjórn á stofnun viðkomandi einkaskóla. Við teljum í fyrsta lagi að það sé allsendis óeðlilegt og í mótsögn við almenna stefnu sambandsins um sjálfsforræði sveitarfélaga, að fallast á þessa grundvallarbreytingu. Í öðru lagi er ljóst að allt aðrar forsendur en fjárhagslegar eru lagðar til grundvallar þegar fjallað er um hvort samþykkja skuli stofnun einkaskóla. Þar verða faglegar forsendur látnar ráða. Með lagagreiningu er því í raun verið að svipta sveitarfélögin fjárhagslegu sjálfstæði hvað þetta atriði varðar. Samband íslenskra sveitarfélaga getur að okkar mati aldrei stutt slíkt, alveg burtséð frá því hvaða stjórnmalaskoðanir stjórnarmenn í sambandinu hafa. Í

umsögninni er ennfremur því haldið fram að eðlilegt sé „því að lögbinda að sveitarfélag sem samþykkir stofnun einkarekins grunnskóla skuli jafnframt greiða til hans rekstrarframlag til að styðja eðlilegan rekstrargrundvöll viðkomandi skóla í samræmi við stöðugildi starfsmanna og fjölda nemenda“. Þessu sjónarmiði erum við algjörlega andvíg enda endurspeglar það fyrst og fremst viðhorf þeirra sem mjög leggja áherslu á einkarekna grunnskóla.

Þá ber að mótmæla þeim vinnubrögðum menntamálaráðherra að ráðast í endurskoðun grunnskólalaga án formlegrar aðildar sveitarfélaganna í landinu sem tóku alfarið við rekstri grunnskólans árið 1996. Er engu líkara en ráðuneytinu hafi yfirsétt sú staðreynd að sveitarfélögin hafa nú allan rekstur grunnskólans með höndum og eru skólamálin langstærsti málaflokkur í rekstri flestra ef ekki allra sveitarfélaga. Engin ástæða er fyrir Samband Íslenskra sveitarfélaga að hlífa ráðuneytinu við réttmætri gagnrýni á vinnubrögð ráðuneytisins í þessu máli.“

Vilhjálmur [P. Vilhjálmsson], Ragnheiður [Ríkharðsdóttir], Kristján Þór [Júlíusson], Björk [Guðjónsdóttir] og Björn Hafþór [Guðmundsson] óskuðu að eftirfarandi yrði fært til bókar:

„Það er sjónarmið okkar sem stöndum að samþykkt þessarar umsagnar að eftir breytingu þá sem lögð er til í umsögninni um 23. gr. frumvarpsdraganna, sé ekki um að ræða skerðingu á sjálfsákvörðunarrétti og sjálfsforræði sveitarfélaga.

Það er sveitarstjórn algjörlega í sjálfsvald sett hvort hún samþykkir stofnun einkaskóla í sveitarfélaginu eða ekki. Ástæður synjunar þess gætu m.a. verið af faglegum, fjárhagslegum og pólitískum toga.

Í ljósi þeirrar staðreyndar, að allir þeir einkaskólar sem nú eru starfræktir fá rekstrarframlög frá sveitarfélögum, finnst okkur jafnframt rökrétt að hafi sveitarfélag samþykkt stofnun einkaskóla eigi skólinn jafnframt rétt á fjárframlagi frá sveitarfélaginu í samræmi við ákvörðun er hlutaðeigandi sveitarstjórn tekur.“

Rétt endurrit staðfestir:

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
rekstrar- og útgáfusvið



Magnús Karer Hannesson

sviðsstjóri

Umsögn

Málsnr.: 0509350SA

Dags.: 27. október 2005

Sambands íslenskra sveitarfélaga

SI/TFV
Tilv.: 340

um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um grunnskóla

Á fundi Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, Þórðar Skúlasonar og Sigurðar Óli Kolbeinssonar, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, annars vegar og Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra, og fjögurra starfsmanna úr ráðuneyti hennar hins vegar, 31. ágúst sl., gerði ráðherra m.a. grein fyrir drögum að nýju frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla.

Fram kom í máli ráðherra að hún legði sérstaka áherslu á að þrátt fyrir framlagningu frumvarpsdraga um breytingu á grunnskólalögum nú þá væri þörf á víðtækari endurskoðun grunnskólalaga á síðari stigum.

Á fundinum afhenti ráðherra fulltrúum sambandsins frumvarpsdrögin með formlegum hætti sem *trúnaðarmál*. Lagði hún jafnframt áherslu á að sambandið gæfi sem fyrst umsögn um drögin og áður en þau yrðu lögð fyrir ríkisstjórn, sem fyrirhugað væri að gera mjög fljótlega.

Á fundi stjórnar sambandsins, 23. september sl., var málið tekið fyrir. Samþykkt var að fela formanni stjórnar og framkvæmdastjóra sambandsins að ræða málið við menntamálaráðherra. Sá fundur var haldinn 28. september. Þar var ráðherra gerð grein fyrir umræðum um málið á stjórnarfundinum og lögð áhersla á að trúnaði yrði aflétt og féllst ráðherra á að það yrði gert.

Með vísan til framangreindrar beiðni menntamálaráðherra lætur Samband íslenskra sveitarfélaga í té eftirfarandi umsögn. Byggir umsögnin meðal annars á sjónarmiðum sem fram hafa komið á fundum skólamálanefndar sambandsins, en í henni eiga sæti Gerður G. Óskarsdóttir, sviðsstjóri menntasviðs Reykjavíkurborgar, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, og Gunnar Gíslason, deildarstjóri skóladeildar Akureyrarkaupstaðar.

Sambandið áskilur sér fullan rétt til að setja fram frekari athugasemdir við efni frumvarpsdraganna á síðari stigum máls. Verði frumvarpsdrögin síðar lögð fram í frumvarpsformi á Alþingi gefst sveitarstjórnarmönnum tækifæri til að koma að enn frekari athugasemdum og ábendingum um efni þess.

Almennar athugasemdir við frumvarpsdrögin

Veigamestu athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarpsdrögin á þessu stigi eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi telur sambandið að rétt hefði verið að endurskoða grunnskólalögin í heild sinni. Slík endurskoðun er löngu tímabær, bæði með hliðsjón af reynslu undanfarinna níu ára, sem og þeirri staðreynd að núverandi lög um grunnskóla eru nánast óbreytt frá árinu 1974. Sambandið teldi æskilegt að lög um grunnskóla væru rammalög, líkt og á við um

framhaldsskólann, en ekki jafn bindandi fyrir skólastarf og gildandi lög eru. Hið sama má reyndar segja um aðalnámskrá grunnskóla, en hún er á ýmsan hátt of ítarleg og stýrandi fyrir starfsemi grunnskólanna. Námskrána þarf að stytta og einfalda í kjölfar endurskoðunar á grunnskólalögum sem rammalöggjafar.

Í öðru lagi telur sambandið að of mikið af þeim breytingum sem ráðuneytið leggur til hnígi í átt til aukinnar miðstýringar á skólastarfi. Hér má nefna tillögu að setningu miðlægra reglna um skólaakstur, slysavarnir og öryggismál sem og þá upptalningu sem fram kemur í 14. og 17. greinum frumvarpsdraganna. Þessi tilhneiging er gagnrýniverð að mati sambandsins og í andstöðu við sjónarmið um að sveitarfélögin eigi að geta mótað starf grunnskólanna á hverjum tíma að þörfum nemenda, sem og annarra íbúa sinna. Þannig telur sambandið til að mynda, með vísan til sjónarmiða um einstaklingsmiðað nám og skóla án aðgreiningar að rétt væri að auka svigrúm sveitarfélaganna til sjálfstæðrar faglegrar ákvarðanatöku um það t.d. hvort skólaganga einstakra barna skuli hefjast fyrr eða síðar en nákvæmlega við sex ára aldur, hvort einstök börn skuli færð fram um ár, hvort þeim sé heimilað að ljúka grunnskólagöngu fyrr en við 16 ára aldur o.s.frv. Fleiri athugasemdir sambandsins byggja á þessu sjónarmiði. Verða þær raktar nánar síðar í umsögninni undir athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsdraganna.

Í þriðja lagi telur sambandið að ákvæði frumvarpsdraganna geti haft í för með sér útgjaldaauka sem ekki er fyrir séð hvernig verður mætt, og ekki verður séð á þessu stigi að sé ávallt til hagsbóta fyrir grunnskólastarf í landinu, að minnsta kosti ekki eins og drögin eru nú úr garði gert. Þessi athugasemd á til að mynda við um ákvæði um einkarekna grunnskóla og bundin framlög sveitarfélaganna til þeirra. Telur sambandið eðlilegt að þetta ákvæði fái öllu meiri og ítarlegri skoðun, áður en ráðist verður í þær kerfisbreytingar og kostnaðarauka sem þau geta haft í för með sér. Hið sama er að segja um möguleg áhrif ýmissa nýrra reglugerða sem gert er ráð fyrir að settar verði samkvæmt frumvarpsdrögum.

Umtalsverður hluti þeirra breytinga sem frumvarpsdrögin fela í sér séu til bóta og í takt við þróun grunnskólans hér á landi. Þannig er til að mynda lagt til að áhrif foreldra á skólastarf séu aukin og jafnframt er aukin aðkoma nemenda sjálfra að skólastarfinu og ákvörðunartöku í tengslum við það. Hvað þetta atriði varðar er þó jafnframt nauðsynlegt að undirstrika það að samstarf heimilis og skóla þarf að byggja á gagnvirkum samskiptum og upplýsingagjöf í þágu nemenda.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsdraganna

Um 2. gr. frumvarpsdraganna

Í 2. gr. draganna er fjallað um skólaakstur. Er þar lagt til að menntamálaráðherra verði falið að setja reglur um tilhögun skólaaksturs, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Með þessu ákvæði er þrengt að svigrúmi sveitarfélaganna við rekstur grunnskólans. Forræði og ábyrgð á skólaakstri er hjá sveitarfélögum. Ekki skal dregið úr mikilvægi þess að vel sé staðið að málum í tengslum við skólaakstur, ekki síst hvað varðar öryggi og aðbúnað barna sem njóta akstursins. Sambandið

telur hins vegar að ekkert sé fram komið um að sveitarfélögunum sé ekki full treystandi fyrir þessu mikilvæga verkefni. Er því lagt til að 2. málsliður frumvarpsgreinarinnar falli brott.

Um 4. og 6. gr. frumvarpsdraganna

Í 4. og 6. gr. frumvarpsdraganna er notað orðalagið „sjálfstætt starfandi grunnskólar“. Það er afstaða sambandsins að þetta orðalag lýsi ekki nægjanlega vel því rekstarfyrirkomulagi sem hér um ræðir og er því lagt til að í staðinn verði notað orðalagið „einkareknir grunnskólar“. Um er að ræða rekstur einkaaðila á grunnskóla á grundvelli samþykkis og fjárframlaga sveitarfélags sem gert er ráð fyrir að skilgreina, sbr. 23. gr. draganna. Allir grunnskólar eru sjálfstæðir í starfsháttum sínum eins og starfsáætlanir þeirra gefa til kynna.

Um 7. gr. frumvarpsdraganna

Í 7. gr. er fjallað um hlutverk skólanefndar og tengsl milli skólastiga. Nokkuð hefur færst í vöxt að tónlistar- og grunnskólar hafi með sér samstarf, bæði til almennrar og sértækrar tónlistarkennslu. Lagt er til að greininni verði breytt með hliðsjón af þessu, og hún hljóði þá svo:

„5. másl. 2. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Jafnframt skal skólanefnd stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla, tónlistarskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.“

Um 8. gr. frumvarpsdraganna

Sambandið telur mikilvægt að skýrlega komi fram að með orðunum „meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla“ í 11. gr. frumvarpsdraganna sé ekki átt við kennslufyrirkomulag eða aðra þætti er lúta að innra starfi grunnskóla.

Um 11. gr. frumvarpsdraganna

Í 11. gr. draganna er lagt til að menntamálaráðherra setji, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, sérstaka reglugerð um slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum.

Sambandið bendir á að þetta ákvæði felur, eins og ýmis önnur ákvæði frumvarpsdraganna, í sér þrengingu á svigrúmi sveitarfélaganna við rekstur grunnskólans. Grunnskólinn er á ábyrgð sveitarfélaganna og því í raun óeðlilegt að ráðherra setji reglur sem þessar. Eðlilegast er að sveitarfélögin sjálf setji sér slíkar reglur, sé á því þörf. Mögulegt væri að skylda sveitarfélögin til slíks í lögum ef með óyggjandi hætti væri sýnt fram á að öryggismál í grunnskólum og slysavarnir væru ekki í nógu góðum farvegi. Ekkert hefur hins vegar komið fram um að svo sé.

Um 14. gr. frumvarpsdraganna

Í 14. gr. er gerð tillaga um að 2. mgr. 29. gr. grunnskólalaga falli niður og að á eftir orðinu „kyns“ í 4. mgr. greinarinnar komi orðið „kynhneigðar“. Sambandið gerir ekki athugasemdir við þessar breytingartillögur. Sambandið er fyllilega sammála því að 2. mgr. 29. gr. grunnskólalaga skuli falla brott og jafnframt skal tekið fram

að í 4. mgr. sömu greinar er að finna upptalningu sjónarmiða sem sjálfsagt er að liggja skólastarfi til grundvallar, líkt og hverri annarri opinberri starfsemi. Sambandið bendir þó á að víðar en í 2. mgr. 29. gr. grunnskólalaga er að finna ákvæði sem fela í sér óþarfa miðstýringu á skólastarfi. Markmiðsgrein grunnskólalaganna ásamt aðalnámskrá, sem síðan er nánar útfærð í starfsáætlun skóla, ættu jafnvel að vera fullnægjandi í þessu efni.

Um 15. gr. frumvarpsdraganna

Sambandið leggst gegn þeim breytingum á 30. gr. grunnskólalaga sem ráðgerðar eru í 15. gr. Telja verður óeðlilegt að lög taki breytingum vegna breytinga sem orðið hafa á aðalnámskrá eða reglugerð eins og hér er lagt til. Sambandið leggur til að 30. gr. grunnskólalaga standi óbreytt þar til heildarendurskoðun grunnskólalaga fer fram, en þess verði gætt að aðalnámskrá taki mið af ákvæðum grunnskólalaga.

Um 16. gr. frumvarpsdraganna

Í 16. gr. frumvarpsdraganna er notað hugtakið „skólanámskrá“. Það hugtak er ekki lýsandi fyrir alla þá áætlanagerð sem í raun hefur falist í gerð „skólanámskrár“. Sambandið leggur því til að í stað orðsins „skólanámskrá“ komi orðið „starfsáætlun“, þar sem fyrrnefnda hugtakið er notað í grunnskólalögum.

Um 17. gr. frumvarpsdraganna

Í 17. gr. er gerð tillaga um breytingu á 1. mgr. 32. gr. grunnskólalaga. Í greininni er gengið út frá því að bundið verði í lög tiltekið hlutfall og skipting námsgreina.

Sambandið telur, með vísan til sjónarmiða um einstaklingsmiðað nám og skóla án aðgreiningar, að sú tillaga sem frumvarpsdrögin felur í sér sé of stýrandi fyrir skólastarf. Er því lagt til að ákvæðinu verði breytt þannig að í því komi ekki fram skilgreining á fyrirkomulagi valgreina, þ.m.t. hámarkshlutfall.

Lagt er til að 1. mgr. 32. gr. grunnskólalaga orðist svo:

„Heimilt er að meta tímabundna þátttöku t.d. í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi sem nám, enda sé það skipulagt í samráði við skóla. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla til valgreina, t.d. við tónlistarskóla og málaskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir, þrátt fyrir að námið njóti viðurkenningar í stað skyldunámsgreina.“

Um 18. gr. frumvarpsdraganna

Í 18. gr. frumvarpsdraganna er lagt til að bætt verði við 33. gr. grunnskólalaga ákvæði þar sem tekið verði fram að óheimilt sé að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða séu að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda. Þá er þar tekið fram að skólaakstur skv. 4. gr. grunnskólalaga skuli vera nemendum að kostnaðarlausu.

Sambandið telur í fyrsta lagi óþarft að hafa sérstakt ákvæði um gjaldfrjálsan skólaakstur. Í það minnsta væri eðlilegt að fjallað væri um slíkt í 2. gr.

frumvarpsins, þ.e. í 4. gr. grunnskólalaga, en þar er að finna ákvæði um ábyrgð sveitarfélaga á skólaakstri.

Þá leggur sambandið til að við greinina verði bætt nýjum málslíð, svohljóðandi: „Heimilt er þó að taka gjald af nemendum fyrir fæði og gistingu á lengri ferðum, svo sem vegna dvalar í skólabúðum.“

Sambandið telur ljóst að ýmsar ferðir af þessum toga – s.s. í skólabúðir ýmis konar – gætu lagst af, væri ekki innleiddur sá sveigjanleiki um gjaldtöku sem tillaga þessi gerir ráð fyrir. Er til samanburðar bent á heimild sveitarfélaganna til gjaldtöku vegna mótuneyta meðan á hefðbundnu skólahaldi stendur.

Um 21. gr. frumvarpsdraganna

Í 21. gr. er lögð til breyting á 46. gr. grunnskólalaga. Sambandið leggst gegn þessari tillögu og leggur til að 46. gr. standi óbreytt, sbr. einnig athugasemdir sambandsins við 15. gr. frumvarpsins.

Um 23. gr. frumvarpsdraganna

Í 23. gr. eru lagðar til breytingar á 56. gr. grunnskólalaga, sem lýtur að rekstri einkaskóla á grunnskólastigi.

Í 1. mgr. frumvarpsgreinarinnar felast óverulegar breytingar á gildandi lögum. Sambandið gerir því ekki sérstakar athugasemdir við efni þeirrar málsgreinar. Skal þó bent á, vegna síðasta málslíðar greinarinnar, þar sem segir að um skóla sem reknir eru samkvæmt ákvæðinu skuli gilda sömu lög og reglur og um grunnskóla samkvæmt 1. gr. grunnskólalaga, eftir því sem við á, að í þessari setningu felst ekki jafn skýr rammi um starfsemi einkarekinna grunnskóla og æskilegt væri. Reglur grunnskólalaganna um stjórnun grunnskóla og eftirlit með starfsemi þeirra eru miðaðar við grunnskóla sem reknir eru á vegum sveitarfélaga og stjórnkerfi þeirra en ekki einkarekna grunnskóla.

Í 1. málslíð 2. mgr. greinarinnar er kveðið á um að grunnskólar sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og hlotið hafa löggildingu, samkvæmt 1. mgr., eigi rétt á fjárframlagi frá sveitarfélagi, enda hafi sveitarstjórn samþykkt stofnun þeirra. Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. gildandi grunnskólalaga er skýrt að einkaskólar eiga „ekki kröfu til styrks af almannafé“. Verði frumvarpsdrögin að lögum felst í henni grundvallarbreyting og viðsnúningur frá gildandi lögum.

Í ljósi þess að einkareknir skólar á grunnskólastigi hér á landi hafa til fjölda ára verið reknir fyrir tilstyrk sveitarfélaga leggst sambandið þó ekki gegn þessari bindingu á rétti til fjárframlaga frá sveitarfélögum, enda verði það tryggt, líkt og tekið er fram í 1. mgr. greinarinnar að stofnun grunnskóla sé háð samþykki viðkomandi sveitarfélags, sem jafnframt geti sett skilyrði um hámarksfjölda nemenda í skólanum.

Sambandið leggst hins vegar alfarið gegn því að lögbundin séu tiltekin lágmarks fjárframlög sveitarfélaga til einkarekinna grunnskóla, með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 2. málslíð 2. mgr. 23. gr. frumvarpsdraganna. Sambandið telur að með sama hætti og það á að vera í ákvarðanavaldi sveitarfélags að samþykkja eða synja

um stofnun einkarekins skóla þá eigi það jafnframt að vera í ákvarðanavaldi sveitarfélags að ákveða fjárframlag til reksturs þess skóla hverju sinni.

Sambandið telur að lögbinding á lágmarksframlagi til einkaskóla, með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frumvarpsdrögum, sé frekleg skerðing á sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga. Hliðstæð dæmi um grófa íhlutun í starfsemi og rekstur sveitarfélaga mátti áður finna í ýmissi löggjöf um verkefni sveitarfélaga en þau hafa nú nánast öll verið afnumin. Almennt hefur ríkt sátt um það sjónarmið að sveitarfélögin ættu sjálf að ráða málefnum sínum á eigin ábyrgð eins og fram kemur í 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Lögbinding lágmarks fjárframlaga til sveitarfélaga til einkarekinna grunnskóla, með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 2. málslíð 2. mgr. 23. gr. frumvarpsdraganna, er andstætt því almenna viðhorfi og brýtur í bága við sjónarmið um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og markmið sveitarstjórnarlaga.

Reynslan sýnir að einkareknir grunnskólar verða tæpast reknir nema til komi fjárframlag frá hlutaðeigandi sveitarfélagi. Eðlilegt er því að lögbinda að sveitarfélag sem samþykkir stofnun einkarekins grunnskóla skuli jafnframt greiða til hans rekstrarframlag til að styðji eðlilegan rekstrargrundvöll viðkomandi skóla í samræmi við stöðugildi starfsmanna og fjölda nemenda. Því er lagt til að 2. mgr. 23. gr. orðist svo:

„Grunnskólar sem hljóta löggildingu skv. 1. mgr. eiga rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar, vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Framlag skal ákveðið af sveitarstjórn og getur verið mismunandi eftir nemendafjölda og rekstrarumfangi skóla.“

Framangreindu til viðbótar skal tekið fram að umfjöllun og útreikningar í athugasemdum með 23. gr. frumvarpsdraganna um áætluð framlög á nemanda í einkareknum grunnskóla virðast byggðir á röngum forsendum.

Í útreikningum ráðuneytisins kemur þannig fram að einkarekinn grunnskóli með 500 nemendur myndi, yrði frumvarpið óbreytt að lögum, fá framlag sem næmi að meðaltali 470.966 kr. á hvern nemanda. Verður ekki betur séð en þessi tala sé fengin með því að reikna 70% af fjárhæð sem leidd er af reikningsskilum sveitarfélaga árið 2003. Í reikningsskilum sveitarfélaganna er stofnkostnaður við húsnæði reiknaður með þegar tiltekinn er kostnaður þeirra við grunnskóla, en þrátt fyrir það tekur ráðuneytið það fram örstuttu síðar, í sömu athugasemdum, að ekki sé gert ráð fyrir að sveitarfélögunum muni bera nein skylda til að taka þátt í beinum stofnkostnaði vegna einkarekinna grunnskóla. Með vísan til þessa verður ekki betur séð en að ráðuneytið hafi gert villu við útreikning á dæmi sínu um það hversu há framlög sveitarfélaga yrðu til 500 nemenda einkarekins grunnskóla.

Tillögur um aðrar breytingar á öðrum greinum grunnskólalaga

Þótt þau frumvarpsdrög sem hér eru til umræðu feli ekki í sér heildarendurskoðun grunnskólalaga saknar sambandið þess að í drögum skuli ekki settar fram fleiri tillögur en raun ber vitni, með það að markmiði að ná fram nauðsynlegum lagfæringum á grunnskólalögum í takt við þróun í málefnum grunnskólans og

skólamállum almennt. Með vísan til þessa gerir sambandið því eftirfarandi tillögur um breytingar og endurskoðun á öðrum ákvæðum grunnskólalaga en frumvarpsdrögin fjalla um.

Tillaga um breytingu á 11. gr. grunnskólalaga

Samband íslenskra sveitarfélaga telur afar mikilvægt að inn í lögini komi heimild til sveitarfélaga til að samreka leik-, grunn- og tónlistarskóla á grundvelli faglegra og rekstrarlegra röksemda.

Nokkuð hefur borið á því að sveitarfélög hafi stundað, eða viljað stunda, samrekstur skólastofnana í viðkomandi sveitarfélögum. Fyrir því geta legið ýmis rök, bæði fagleg og rekstrarleg. Þá getur slíkur samrekstur oft og tíðum verið mikilvæg forsenda þess að viðkomandi starfsemi fari yfirleitt fram í sveitarfélagi. Einkum hafa þessir möguleikar verið til skoðunar í ýmsum smærri sveitarfélögum en ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að stærri sveitarfélög leiti einnig slíkra leiða telji þau það skynsamlegt.

Með vísan til þessa leggur sambandið til að við 11. gr. laganna komi ný málsgrein, sem verður 4. mgr. svohljóðandi:

„Hafi sveitarfélag ákveðið að sameina rekstur grunnskóla öðrum menntatofnunum, s.s. leikskóla og/eða tónlistarskóla, skal tryggt að faglegur stjórnandi sé til staðar gagnvart hverri einingu fyrir sig í samræmi við hlutaðeigandi löggjöf. Við ráðningu forstöðumanns stofnunarinnar skal leitast við að viðkomandi hafi menntun og reynslu á sviði stjórnunar- og menntunarfræða.“

Í þessari tillögu sambandsins er gert ráð fyrir því að til staðar sé faglegur stjórnandi gagnvart hverri skólaeiningu fyrir sig í samræmi við hlutaðeigandi löggjöf. Með hlutaðeigandi löggjöf er átt við lög um lögverndun starfsheitis og starfsréttinda grunnskólakennara og skólastjóra og lög um leikskóla en í þessum lagabálkum er gert ráð fyrir því að stjórnendur stofnana hafi grunnskólakennaramenntun annars vegar og leikskólakennaramenntun hins vegar. Í lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla er hins vegar ekki að finna neinar kröfur um menntun stjórnenda. Fyrirkomulag varðandi stjórnun hinnar sameinuðu stofnunar væri samkvæmt tillögunni ákvörðunaratriði hvernar sveitarstjórnar fyrir sig en sem dæmi má nefna að hægt væri að ráða faglega deildarstjóra hvernar einingar.

Tillaga um breytingu á 14. gr. grunnskólalaga

Í 14. gr. grunnskólalaga er fjallað um stöðu skólastjóra, kennarafundi og kennararáð. Sambandið lítur svo á að það ætti að vera á valdi forstöðumanns grunnskóla með hvaða hætti og hversu oft hann boðar starfsmenn sína til funda eða hvaða fyrirkomulag hann hefur á vali þeirra er hann kys að komi honum til ráðuneytis um stjórn skólans. Er því lagt til að 2., 3. og 4. mgr. greinarinnar falli brott.

Jafnframt er lagt til, sbr. athugasemdir við 16. gr. frumvarpsdraganna, að í stað skólanámskrár verði talað um „starfsáætlun skóla“.

Tillaga um breytingu á 15. gr. grunnskólalaga

Sambandið telur að leggja beri áherslu á mikilvægi þess að upplýsingastreymi og samstarf milli heimilis og skóla byggji á gagnvirkum samskiptum, þannig að stuðlað verði að nauðsynlegu flæði upplýsinga til og frá skólanum í þágu nemandans og skólagöngu hans.

Er lagt til að á eftir 2. mgr. 15. gr. gildandi laga komi ný málsgrein svohljóðandi: „Þá bera foreldrar upplýsingaskyldu um eigin börn gagnvart skólanum um þá þætti er haft geta áhrif á líðan þeirra og frammistöðu.“

Tillaga um endurskoðun á 22. gr. grunnskólalaga

Í 22. gr. gildandi grunnskólalaga er fjallað um umráð og umsjón skólamannvirkja. Sambandið telur mikilvægt að í lögum sé tryggt að sveitarstjórn hafi megin ákvörðunarvald yfir húseignum sínum að höfðu samráði við forstöðumenn viðkomandi stofnana eða reksturs.

Lagt er til að 22. gr. grunnskólalaga verði endurskoðuð með þetta í huga.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar sambandsins 21. október 2005.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 132/1046
komudagur 24.2.2006



**SAMBANDS SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM**
FITJUM - 260 NJARÐVÍK
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 21. febrúar 2006.

*Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.*

Varðar umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, 447. mál.


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 20. febrúar s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 10. febr. '06 þar sem óskað var til umsagnar frumvarp til laga um grunnskóla, 447. mál, sjálfstætt reknir grunnskólar o.fl.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Frumvarpið er til umsagnar hjá sveitarfélögunum á Suðurnesjum, stjórnin vísar til umsagna þeirra.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson framkv.stj.



Alþingi
Erindi nr. P 132/1162
komudagur 6.3.2006

Samband foreldrafélaga og foreldraráða í skólum Reykjavíkur á grunnskólastigi

Reykjavík 02.03.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn stjórnar SAMFOK (samband foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur) um frumvarp til laga um grunnskóla, 447. mál, sjálfstætt reknir grunnskólar o.fl.

Stjórn SAMFOK þakkar fyrir tækifæri til að gefa umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, 447. mál.

Stjórn SAMFOK er ekki fylgjandi tillögu sem birtist í 23. grein frumvarpsins þar sem framlag sveitarfélags til einkaskóla er lögbundið. Rekstrarleg ábyrgð grunnskólanna hvílir á sveitarfélögunum og því telur stjórn SAMFOK eðlilegt að kjörnir fulltrúar í hverju sveitarfélagi fyrir sig þrói og móti skólastarfið í samræmi við áherslur á hverjum stað. Ákvörðun um framlag til einkaskóla í sveitarfélaginu ætti að vera á þeirra höndum en ekki ríkisvaldsins.

Með bestu kveðju,
f.h. stjórnar SAMFOK

Bergþóra Valsdóttir
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 132/1163
komudagur 6. 3. 2006

Kópavogur, 2. mars 2006

Sendandi:

SAMKÓP, samtök foreldrafélaga og foreldraráða við grunnskóla í Kópavogi

Umsögn um frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum.
(Þingskjal nr. 671, lagt fyrir Alþingi á löggjafafingi 2005 – 2006)

Á stjórnarfundum SAMKÓP 16. febrúar og 2. mars var fjallað um frumvarp til laga um breytingu á grunnskólalögum. Almenn má segja að samtökin séu sátt við þær breytingar sem fram koma í frumvarpinu en viljum við þó benda á nokkur atriði sem við teljum nauðsynlegt að tekið verði á.

10. gr. frumvarpsins

Breytingar á 18. gr. laganna, sem boðaðar eru í 10. gr. frumvarpsins, eru eitt skref í því að skerpa á umsagnarrétti foreldraráða. SAMKÓP telur hins vegar brýnt að;

- settur verði skýrari rammi varðandi hlutverk, verkefni og störf foreldraráða
- tryggt verði að foreldraráð allra grunnskóla uppfylli skyldur sínar
- störf foreldraráðsfulltrúa verði launuð
- settar verði reglur sem tryggja eðlilega nýliðun í foreldraráðum

17. gr. frumvarpsins

SAMKÓP fagna auknum sveigjanleika við framkvæmd kennslu og mats á námi utan grunnskóla til valgreina. Samtökin vilja þó hvetja til þess að tryggt verði með lagasetningu eða reglugerð að upplýsingaflæði varðandi þennan sveigjanleika, sem og rýmri heimildir við töku samræmdra prófa í 8. og 9. bekk, verði með þeim hætti að allir nemendur og forráðamenn fái vitneskju um.

Virðingarfyllst
f.h. SAMKÓP



Hrefna Gunnarsdóttir,
formaður

~~Samtök áhugafólks um skólabróun~~

Reykjavík 1. mars 2006

Til: Nefndarsviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Fundur í Samtökum áhugafólks um skólabróun hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingar á grunnskólalögum


Samtökin telja að flestar þær breytingar sem boðaðar eru séu til bóta. Nefna má bætt ákvæði um skólanámskrárgerð, nemendaráð og aðkomu foreldra. Þá er fengur að nýjum ákvæðum í 8. og 32. grein um aukin sveigjanleika gagnvart námi utan skóla.

Samtökin leyfa sér að benda á eftirfarandi atriði:

- Samtökin telja ástæðulaust að kveða á um fjölda og fyrirkomulag samræmdra prófa í lögum til þess að lögin bindi ekki eðlilega þróun námsmatsaðferða. Því er æskilegra að hafa ákvæði um að menntamálaráðuneytið setji reglugerð um námsmat og fyrirkomulag samræmdra prófa.
- Starfsumhverfi í skólum er mjög að breytast og starfsfólki, öðrum en kennurum, hefur verið að fjölga mjög á undanförmum árum. Nauðsynlegt er að lögin tryggja aðkomu annarra starfsmanna að stjórnun skólans.
- Vegna breytts starfsumhverfis verður stjórnun skóla stöðugt umfangsmeiri og flóknari. Þó það kunnir að vera jákvætt að binda ekki lengur ákvæði um stöðu aðstoðarskólalastjóra í lögum þarf að tryggja að sveitarfélög leggi nægjanlegt fjármagn til stjórnunar, t.d. með hlöðsýn af starfsmanna- og nemendafjölda.
- Samtökin sjá ekki ástæðu til að fella brott ákvæði 29. greinar, enda er hún mikilvæg útfærsla á 2. grein. Þarna eru tilgreind mjög mikilvæg almenn markmið sem víðtækt samkomulag er um að hafa að leiðarljósi í grunnskólastarfi og við gerð aðalnámskrár. Færa má rök fyrir því að mörg þeirra endurspeglar ekki nægilega vel í aðalnámskrá og skólanámskrám og því full ástæða til að halda þeim til haga.
- Í ljósi þess að sett eru ný ákvæði um að skólanefnd staðfesti skólanámskrá (31. gr.) þarf að vera skýrt hvemig fara skuli með ef ágreiningur verður um staðfestingu hennar.
- Ekki er nægilega skýrt í lögnum hver staða sjálfstætt rekinna grunnskóla er gagnvart sveitarfélögum. Samkvæmt 9. grein heyrir þeir beint undir ráðuneytið. Samkvæmt 56. grein segir að um þá gildi sömu lög og reglur og um grunnskóla "eftir því sem við á". Þá er t.d. ekki ljóst hvort sjálfstætt reknur skólum beri eins og öðrum grunnskólum að leggja skólanámskrá sína fyrir skólanefnd til staðfestingar.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka áhugafólks um skólabróun


Sif Vígþórsdóttir



samtök sjálfstæðra skóla

Alþingi
Erindi nr. P 132/1164
komudagur 6.3.2006

Til menntamálanefndar Alþingis

Frá stjórn Samtaka sjálfstæðra skóla
Kringlunni 7
103 Reykjavík

Umsögn um 447. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995

Stjórn Samtaka sjálfstæðra skóla lýsir mikilli ánægju með framkomið frumvarp til laga um breytingu á grunnskólalögum nr. 66/1995, með síðari breytingum og lýsir í meginatriðum stuðningi við þær breytingatillögur sem þar liggja fyrir.


Stjórn Samtaka sjálfstæðra skóla gerir eftirfarandi breytingatillögur við frumvarpið:

1. Að önnur setning fyrstu málsgreinar 23. gr. frumvarpsins falli brott eða að öðrum kosti orðist svo: *Heimilt er að binda samþykki sveitarfélags við ákveðinn hámarksfjölda nemenda úr viðkomandi sveitarfélagi.* Afstaða stjórnar Samtaka sjálfstæðra skóla er skýrlega að sjálfstætt starfandi grunnskólar skuli hafa val og vald um eigin nemendafjölda án nokkurra fjöldatakmarkana en til vara er lagt til að sveitarfélag geti takmarkað fjölda þeirra nemenda sem njóta framlags til að sækja nám í sjálfstætt starfandi grunnskóla. Óbreytt kann 23. gr. frumvarpsins að fela í sér hömlur á atvinnufrelsi sbr. 75. gr. stjórnarskrár.
2. Stjórn Samtaka sjálfstæðra skóla fagnar af heilum huga þeirri tillögu að mat á heildarrekstrarkostnaði allra grunnskóla í landinu eða vegið meðaltal verði lagt til grundvallar við ákvörðun um lágmarksframlag til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 75% af umræddu meðaltali verði lágmarksframlag sem fylgi nemanda í skóla með færri en 200 nemendur og 70% af meðaltali fyrir hvern nemanda umfram 200. Af þessu er ljóst að foreldrar sem velja sjálfstætt starfandi skóla fyrir börn sín munu áfram þurfa að greiða umtalsverð skólagjöld. Stjórn samtaka sjálfstæðra skóla leggur til að lágmarksframlag verði 85% og 80% eftir nemendafjölda til þess að skólagjöld geti verið í lágmarki og val á grunnskólanámi því ekki tengt efnahag foreldra.

3. Loks vekur stjórn Samtaka sjálfstæðra skóla athygli á því að skv. frumvarpinu ríkir áfram það misrétti að sjálfstætt starfandi grunnskólar njóta engra stofnstyrkja af opinberu fé. Slíkt er gífurleg hindrun í vegi þess að nýir sjálfstæðir skólar verði að veruleika sem hamlar fjölbreytni í skólakerfinu og veldur því að foreldrar og skólafólk hafa áfram takmarkað valfrelsi í grunnskólum. Því leggur stjórn samtakanna til að menntamálaráðherra og menntamálanefnd Alþingis hlutist til um að unnið verði að mati á möguleikum þess að sjálfstætt starfandi skólar geti sótt um húsnæðis- og búnaðarstyrki að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Fulltrúar samtakanna munu fúslega koma að slíkri vinnu, verði þess óskað.

Reykjavík, 2. mars 2006,

f.h. stjórnar Samtaka sjálfstæðra skóla,



Margrét Pála Ólafsdóttir formaður



Hvammstanga 1. mars 2006

Alþingi

Erindi nr. P 132/1161

komudagur 6. 3. 2006

Nefndarsvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Málefni: Frumvarp til laga um grunnskóla, 447.mál, sjálfstætt reknir grunnskólar og fl.

Á fundi stjórnar SSNV, sem haldinn var 14. febrúar sl., var frumvarp til laga um grunnskóla. 447. mál, tekið til umsagnar og eftirfarandi bókun gerð:

Stjórn SSNV mælir i grundvallaratriðum með samþykkt frumvarpsins með nokkrum áherslubreytingum þó. Einkaskólar (sjálfstætt starfandi skólar) 23.gr. þar er menntamálaráðherra heimilt að viðurkenna einkaskóla að fengnu samþykki sveitarfélagsins. Þarna vantar inn að sveitarfélag geti mögulega bakkað út eða a.m.k. átta sig á því hvernig það eigi að gerast. Á sama hátt kemur ekki fram á hvaða forsendum sveitarfélög geta hafnað því að viðurkenna einkaskóla.

Í 2. mgr. 23.gr. greinar er einnig skyldað að sveitarfélög eigi að greiða framlag til ofnagreindra skóla samkvæmt ákveðnum reglum. Að mati stjórnar SSNV er þarna gengið á sjálfákvörðunarrétt sveitarfélaga til að ákveða hvort einkaskólar skuli styrktir af sveitarfélagi eða ekki. Eðlilegra væri að ef sveitarstjórnir væru samþykkar því að styrkja einkaskóla innan sins sveitarfélags að þá sé þeim heimilt að semja um það við viðkomandi fyrirtæki eða stofnun en ekki skyldað til þess eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Stjórn SSNV vill einnig benda á að ekki liggur fyrir kostnaðarmat fyrir sveitarfélögin vegna þessa lagafrumvarps og einnig vill stjórnin benda á að nauðsynlegt sé að fara yfir textann í lok yfirferðar fjármálaráðuneytisins þar sem fram kemur að menntamálaráðuneytið telur að kostnaðarauki sveitarfélaga sé óverulegur og að forsendur fyrir að meta kostnað vegna aukinna krafna við skólaakstur sé ekki hægt að meta fyrr en reglugerð liggur fyrir. Sama ætti að gilda um reglugerð um skólahúsnæði, aðstöðu og lóð sem að framan greinir.

Stjórnin vill að auki benda á að 10. þrepa samkomulag menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands um áframhaldandi þróun skólastarfs framhaldsskóla, grunnskóla og leikskóla virðist ekki hafa verið borið undir sveitarfélögin sem þó reka grunn- og leikskóla og klárlega eru sveitarfélögin ekki aðilar að því samkomulagi.

Þetta tilkynnist hér með.

Með vinsemd og virðingu,

Jakob Magnússon, framkvæmdastjóri SSNV

Alþingi
Erindi nr. P 132/1160
komudagur 6.3. 2006



Samtök foreldrafélaga leikskóla í Reykjavík

Reykjavík, 2. mars 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um grunnskóla, þskj. 671 - 447. mál, sjálfstætt reknir grunnskólar o.fl. frá samtökunum *Börnin okkar*.

Samtökin gera eftirfarandi athugasemdir:

- 1) 3. gr. þá væri æskilegt að bætar við lið 1: og í samráði við foreldra eða forráðamenn.
 - a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Verði misbrestur á skólasókn barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita leiða til úrbóta, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnavemdaryfirvalda og í samráði við foreldra eða forráðamenn.

Rökin eru þau að grunnskólar og aðrar opinberar stofnanir sem fjalla um málefni einstakra barna eiga í öllum tilfellum að hafa samráð við foreldra eða forráðamenn viðkomandi barns nema að fullgild rök liggi fyrir að það sé skaðlegt fyrir velferð barnsins. Þannig þarf jafnframt að huga að því að haft sé samráð við báða foreldra þegar um skilnaði er að ræða.

- 2) 8. gr.

Samtökin fagna þeirri áherslu að foreldraráð skuli fá til umsagnar fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun liggur fyrir.

- 3) 10. gr.

Samtökin fagna þeirri áherslu að leggja áherslu á öruggt náms- og starfsumhverfi. Það væri þó æskilegt að segja *leik-, náms- og starfsumhverfi*. Þar sem öryggi á leiksvæðum barna sé einnig tryggt.

Jóhanna Rósa
Jóhanna Rósa Arnardóttir

Jóhanna Rósa Arnardóttir
Jóhanna Rósa Arnardóttir
Formaður samtakanna *Börnin okkar*



Skólastjórafélag Íslands

Alþingi
Erindi nr. P 132/1166
komudagur 6.3.2006

Sími/Tel 595 1111 Bréfsími/Fax 595 1112 Netfang si@ki.is

Kennarahúsinu
Laufásvegi 81
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Umsögn um þskj. 671 – 447. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla, með síðari breytingum.

Hjálagt sendi Skólastjórafélag Íslands umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla, með síðari breytingum.

Félagið gefur aðeins umsögn um þrjár greinar frumvarpsins sem koma mest inn á starfsvið félagsmanna. Með því vill félagið undirstrika mikilvægi afstöðu félagsins varðandi þessar þrjár greinar og þó sér í lagi mikilvægi þess að 12. greinin verði tekin upp og breytt til fyrra horfs.

Í 12. greininni eru lagðar til svo róttækar breytingar frá fyrri lögum að félagið óskar eindregið eftir því að fulltrúar þess fái að mæta á fund menntamálanefndar og gera frekari grein fyrir afstöðu sinn.

Reykjavík 1. mars 2006.

Virðingarfyllst.

Hanna Hjartardóttir, formaður.



Umsögn um þskj. 671 – 447. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla, með síðari breytingum.

12. gr.

Lagt er til að 23. greinin verði óbreytt frá núgildandi lögum.

Varðandi 12. grein frumvarpsins.

Árið 1974 þegar fyrstu lögum um grunnskóla voru sett (63/1974) þá sagði í 31. gr.: “Í grunnskólum sem á rétt á 10 kennurum eða fleiri í fullu starfi auk skólustjóra ræður menntamálaráðuneytið yfirkennara (aðstoðarskólustjóra). Um embættisgengi yfirkennara gildir hið sama og um skólustjóra”. Hér tryggði löggjafinn strax í upphafi ákveðna lánmarksstjórnun í grunnskólum landsins.

Að sjálfsögðu hefur starf í grunnskólum breyst mikið frá 1974 og ekki síst varðandi starfsmannahald, þær breytingar hafa kallað á aukna stjórnun. Í nýjum lögum um grunnskóla annars vegar 49/1991 og hins vegar 66/1995 brást löggjafinn við þessum breytingum að hluta, en um aðstoðarskólustjóra segir þar í 23. gr.: “Í grunnskólum þar sem starfa 12 starfsmenn eða fleiri í fullu starfi, auk skólustjóra, skal sveitarstjórn ráða aðstoðarskólustjóra að fenginni tillögu skólustjóra”. **Jafnframt var sett inn í lögum 49/1991 ákvæði um staðgengla úr hópi kennara** í skólum þar sem ekki starfar aðstoðarskólustjóri. Breytingin sem varð var, að nú er miðað við starfsfólk ekki einungis kennara og fjöldinn hækkaður í 12. Meðal margra skólustjóra þeirra skóla sem eru nálægt mörkunum hefur verið nefnt að talan væri full há og ekki væri nægilega skýrt við hvaða starfsmenn væri átt.

Það hefur verið mikið streð hjá mörgum skólustjórum í gegnum tíðina að fá viðurkenndan réttinn til að ráða aðstoðarskólustjóra. Skólustjórafélagið telur því þetta tryggingarákvæði í lögunum nauðsynlegt. Ekki þarf að fjölyrða um það að vissulega hefur talsvert bæst við af millistjórnendum, deildarstjórum frá árinu 2000. Þeir starfa að mestu leyti í stærri skólunum þar sem ekki þarf að hafa áhyggjur af stöðu aðstoðarskólustjóra. Í minni skólunum þar sem baráttan hefur verið mest eru deildarstjórar ekki til staðar. Tilkoma deildarstjóra eru viðbrögð við aukinni kröfu til stjórnunar skóla sem leiðir m.a. af fjölda reglugerða í kjölfar grunnskólalaga 1995, Aðalnámskrár 1999 og gjörbreytts kjarasamnings kennara frá 2001.

Í síðustu kjaraviðræðum var mikið rætt um það við LN að tryggja þyrfti skólum ákveðinn lánmarks stjórnunarkvóta miðað við nemendur. Ekki náðist niðurstaða um það þó menn væru nokkuð sammála um að hugmyndafræði sem lögð var fram væri rétt. **Tilvist slíks tryggingarákvæðis er nauðsynlegt.** Í dag er lánmarksstjórnun í grunnskólum að hluta til tryggð í lögum. **Á meðan lánmarksstjórnun í skólum er ekki tryggð annars staðar telur Skólafélagið ekki koma til greina að fella ákvæðið um aðstoðarskólafélaga úr lögum.**

Á undanförunum árum hefur verið mikil breyting varðandi rekstur skóla aðallega á landsbyggðinni. Fast hefur verið sótt á um að skólar séu lagðir niður eða sameinaðir öðrum af hagkvæmisástæðum. Trúlega er þetta hluti af ákveðinni þróun sem ekki síst fylgir sameiningu sveitarfélaga. Ekki eru allir sammála ágæti þessa, ljóst er því að ekki má vega meir að starfsumhverfi þeirra skóla sem eftir eru út um landið.

16. gr.

Lagt er til að 31. grein orðist svo:

Í hverjum skóla skal árlega gefa út skólanámskrá og er skólafélagið ábyrgur fyrir gerð hennar. Skólanámskráin er unnin af starfsfólki skólans. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá og tekur mið af sérstöðu skólans og aðstæðum. Í skólanámskrá skal m.a. gerð grein fyrir starfsáætlun skólans, skólatíma, skóladagatali, kennsluskipan, markmiðum og inntaki náms, námsmati, skólaheilsugæslu og slysavörnum, félagslífi í skólanum og öðru því sem varðar starfsemi skólans, s.s. mati og úttektum á skólafélagi.

Þriðja hvert ár skal skólanámskrá lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og kynnt nemendaráði. Ef um verulegar breytingar á skólanámskránni er að ræða þá skal hún fara í gegnum ferlið strax og breyting hefur átt sér stað. Að loknum ferlinum staðfestir skólanefnd gildistöku skólanámskrár og að hún sé í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir sveitarstjórnar.

Varðandi 16. grein frumvarpsins.

Í núgildandi lögum segir að kennarar skuli vinna skólanámskrána, þetta er ákvæði sem alls ekki má fara út úr lögnum. Víkka má ákvæðið og segja að skólanámskráin er unnin af starfsfólki skólans, þar sem í dag koma að gerð skólanámskrár fleiri starfsmenn en bara kennararnir.

Ferillinn í kringum þessar umsagnir allar er langur, spurning er hvort skólaárið dugir til að allir skili sínu og námskráin taki löglega gildi fyrr en í lok skólaárs. Spyrja má hvort skólanámskráin þurfi að fara í gegnum allan þennan feril á hverju skólaári? Einkum með tilliti til, að nú eru allir skólar með skólanámskrár skv. lögum frá 1995 og því ekki endurskoðun á henni nema að hluta til ár hvert.

Þá er sett spurningarmerki við hlutverk skólanefndar/sveitarstjórnar varðandi gildistöku skólanámskrár. Einnig vekur setningin: “Sveitarstjórn ákveður fyrirkomulag skólahalds.” margar spurningar. Allir vita að sveitarstjórnirnar reka grunnskólann og ráða hvernig að þeim rekstri er staðið innan ramma laga og reglugerða, en áður nefnd setning virðist full opin eins og hún er í frumvarpinu.

20. gr.

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verða á 41 gr. laganna:

a. 2. másl. 2. mgr. orðast svo:

Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal kennari leita aðstoðar sérfróðra ráðgjafa skólans og skólastjóra sem leita leiða til úrbóta í samráði við skólanefnd, eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda.

b. 3. og 4. mgr. orðast svo:

Meðan mál skv. 2. mgr. er óútkljáð getur skólastjóri vísað nemanda úr skóla um stundarsakir, enda tilkynni hann forráðamönnum nemanda og skólanefnd tafarlaust þá ákvörðun. Óheimilt er að vika nemanda úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði. Takist ekki að leysa málið innan skólans vísar skólastjóri málinu til skólanefndar sem leitar lausna á því og tekur ákvörðun, eftir atvikum að fenginni umsögn frá sérfræðihjónustu á vegum sveitarfélaga.

Ákvörðun skólanefndar skv. 3. mgr. er hægt að vísa til menntamálaráðuneytisins.

Varðandi 20. grein frumvarpsins.

Verið er að aðlaga framkvæmdina að breyttu umhverfi. Kæruleið er opnuð í frumvarpinu sem sjálfsagt er rétt samkvæmt stjórnslulögum. En þá vaknar spurningin hvort skóli/skólastjóri sé stjórnsluvald? Hingað til hefur verið hægt að **vísa málum til úrskurðar ráðuneytis**, sem virðist að mörgu leiti vera mildara orðalag. Óumdeilda stjórnsluvaldið þ.e. sveitarstjórnin (skólanefnd í umboði hennar) kemur hér hvergi nálægt. Þegar upp koma mjög erfið úrlausnarmál í skólum þá er mjög gott fyrir alla að fleiri aðilar séu tengdir lokaniðurstöðu. **Eindregið er mælt með að skólanefnd hafi áfram ákveðnu hlutverki að gegna í þessum ferli.**

Reykjavík 1. mars 2006

Virðingarfyllst

Hanna Hjartardóttir, formaður.

Alþingi
Erindi nr. P 132/1680
komudagur 21. 4. 2006

Tækninefnd
Vísinda- og tækniráðs

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 21. apríl 2006


Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um grunnskóla, 447. mál.

Tækninefnd Vísinda- og tækniráðs barst til umsagnar frá Menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um breyting á lögum um grunnskóla. Umsögn nefndarinnar fer hér á eftir.

Tækninefnd tók frumvarpið fyrir á fundum sínum 14. febrúar og 18. apríl 2006. Nefndin hefur ekki fram að færa athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst
f.h. tækninefndar.


Guðrún Þorleifsdóttir
ritari



Alþingi
Erindi nr. P 132/1337
komudagur 14.3.2006

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2006
Tilvísun: UB 0603/4.1.1

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum, 447. mál.

Vísað er til bréfs menntamálanefndar Alþingis, dagsett þann 10. febrúar 2006, þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Í frumvarpi þessu eru gerðar tillögur um ýmsar breytingar á grunnskólalögum en jafnframt hefur menntamálaráðherra boðað endurskoðun á lögnum frá grunni. Slík heildarendurskoðun er að mati umboðsmanns barna brýn. Meðal þess sem þarf að skoða er að skilgreina réttindi og skyldur nemenda og foreldra betur en nú er gert og jafnframt að kveða með skýrum hætti á um hvernig réttindum nemenda verði náð fram. Stjórnsýslu skólakerfisins þarf að skoða sérstaklega en hún er hvorki nægilega skýr né skilvirk þegar litið er til þess hve veigamiklir hagsmunir nemenda geta verið í húfi. Tryggja þarf að málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaga gildi um allar ákvarðanir er varða réttindi og skyldur nemenda og að samræmis og jafnræðis sé gætt við túlkun laganna með því að þær fái ávallt umfjöllun á tveim stjórnsýslustigum.

Því er fagnað að í frumvarpi þessu hefur verið höfð hliðsjón af ýmsum ábendingum umboðsmanns barna á undanförunum misserum, sbr. 2., 9., 10. og 19. gr. frumvarpsins.



Verður nú vikið að athugasemdum við nokkrar greinar frumvarpsins.

3. gr.

Breyting sú sem gerð er á 2. málslíð 1. mgr. 6. gr., þ.e. viðbótin: “eftir atvikum að teknu tilliti til hlutverks barnaverndaryfirvalda” er óskýr. Samkvæmt athugasemdum í frumvarpinu er með þessu kveðið á um að skólastjóri: “þurfi að taka tillit til hlutverks barnaverndaryfirvalda vegna fjarveru barns frá skóla, með hliðsjón af tilkynningarskyldu til þeirra skv. 16. og 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.” Að mati umboðsmanns barna er tilkynningarskylda skólastjóra samkvæmt nefndum ákvæðum barnaverndarlaga skýlaus í tilvikum sem þessum en ekki háð mati hans. Lög um grunnskóla leggja einungis eina skyldu á herðar foreldra, sbr. 6. gr. þeirra, þ.e. að barn innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla. Leiði athugun skólastjóra á því, hverju misbrestur á skólasókn sæti, í ljós að hvorki veikindi barns né aðrar gildar ástæður hamli, þá má ljóst vera að foreldrar eru að bregðast skyldum sínum samkvæmt grunnskólalögum sem og forsjárskyldum sínum. Ber því að tilkynna barnaverndarnefnd um það. Skólastjóri tekur þá á þeim þætti málsins sem snýr að skólasókn barnsins en barnaverndarnefnd tekur mál barnsins til skoðunar að öðru leyti. Athyglisvert er hversu fáar tilkynningar berast til barnaverndarnefnda frá skólum, en samkvæmt skýrslu Barnaverndarstofu um tilkynningar árið 2005 bárust aðeins 9,6 % allra tilkynninga frá skólakerfmu. Með vísan til framangreinds er rétt að gera orðalag greinarinnar skýrara að þessu leyti. Því er gerð tillaga um að 2. málslíður 1. mgr. 6. gr. orðist svo: “ Verði misbrestur á skólasókn barns, án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, skal skólastjóri leita leiða til úrbóta. Jafnframt skal hann tilkynna barnaverndaryfirvöldum um málið.”

Umboðsmaður barna telur jafnframt rétt að gera ráð fyrir því í 2. mgr. 6. gr. að forráðamenn nemandanna geti vísað máli til úrlausnar skólanefndar eins og skólastjóri, sætti þeir sig ekki við ákvörðun hans. Misbrestur á skólasókn gæti stafað af atvikum er snúa að skólanum sjálfum, t.d. að barn sæti einelti, sem skólastjórnin hefur ekki tekið á að mati forráðamanna þess.

5. gr.

Ósk forráðamanns skólaskylds nemandanna um tímabundna undanþágu frá skólasókn getur varðað nemandan miklu. Því er rétt að huga að því að forráðamaður hans geti vísað synjun skólastjóra um undanþágu til skólanefndar.



8. gr.

Með breytingu þessari er vægi foreldraráða aukið og er það vel. Þó væri rétt að kveða á um að foreldraráð skuli fá mál til umsagnar "áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin" í stað "liggur fyrir" en þar á getur verið nokkur merkingarmunur að lögum. Sama á við um lokamálslið 9. gr. frumvarpsins.

9. gr.

Með þessari grein er gert skylt að stofna nemendaráð við alla skóla í stað þess að það er heimilt nú. Er þessari breytingu sérstaklega fagnað enda er hér farið að tillögu fyrrverandi umboðsmanns barna. Þó eru það vonbrigði að í frumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir að nemendaráð fái skólanámskrá og aðrar áætlanir eða breytingar varðandi skólahald *til kynningar*. 18. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna leggur þá skyldu á aðildarríki hans að þau tryggi barni, sem getur myndað eigin skoðanir, rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum þeim málum, sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Með vísan til þessarar skuldbindingar, sem Ísland hefur undirgengist, er ótvírætt að kveða þarf á um rétt nemendaráðs til að fá mál *til umsagnar* eða a.m.k. kveðið á um rétt þess til að koma á framfæri athugasemdum.

10. og 11. gr.

Breytingum þeim sem felast í þessum greinum frumvarpsins er sérstaklega fagnað.

14. gr.

Ef hreyft er við 4. mgr. 29. gr. grunnskólalaga væri rétt að breyta henni þannig: "Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, fötlunar og stöðu að öðru leyti." Þannig verður ótvírætt að ekki er um tæmandi talningu að ræða, sbr. og orðalag 65. gr. stjórnarskrárinnar.

16. gr.

Í grein þessari er áréttað að skólanámskrá skuli kynnt nemendaráði. Hér er gerð sama athugasemd og við 9. gr. hér að framan, þ.e. að rétt væri að gera þá breytingu að nemendaráð fái skólanámskrá til umsagnar eða a.m.k. að það geti komið að athugasemdum sínum við hana áður en hún er lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar.



17. gr.

Eins og segir í athugasemdum felur grein þessi í sér auknar heimildir til mats á námi utan grunnskóla til valgreina. Ekki kemur fram í 32. gr. grunnskólalaga hver meta skuli en í 4. gr. reglugerðar nr. 387/1996 segir að skólastjóra sé heimilt, í samráði við nemanda og forráðamenn, að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi sem valgrein eða hluta af valgrein. Miklu getur varðað fyrir nemanda að fá starf eða nám utan grunnskóla metið sem valgrein og ljóst að ákvörðun skólastjóra í þessu efni varðar réttindi og skyldur nemanda. Af þeirri ástæðu er því rétt að kveða á um rétt forráðamanna hans til að kæra synjun skólastjóra til skólanefndar.

19. gr.

Við 35. gr. laganna er bætt nýrri málsgrein sem verður 1. mgr. þar sem kveðið er á um rétt nemenda til hvetjandi námsumhverfis í viðeigandi húsnæði sem tekur mið af þörfum þeirra, öryggi og almennri vellíðan. Þessari tillögu er fagnað enda er hér farið að ábendingu umboðsmanns barna. Ekkert ákvæði hefur verið að finna í íslenskum lögum, sem kveður á um skýlausan rétt nemenda í þessu efni. Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem ætlað er að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, tekur til skóla landsins, en aðeins að því er varðar starfsfólk þeirra. Hér er því um réttarbót að ræða.

Hins vegar er rétt að benda á að tryggja þarf rétt nemenda í þessu efni með því að kveða á um hvert þeir og forráðamenn þeirra geta leitað, telji þeir aðbúnaði eða öryggi ábótavant. Jafnframt þarf að tryggja að forráðamenn geti á grundvelli þessa ákvæðis beint erindi til skólastjóra um að grípa til aðgerða vegna aðstæðna í skólanum, er valda nemendum vanlíðan, t.d. vegna eineltis.

Þá er í 19. gr. lögð til breyting á 5. mgr. 35. gr. laganna þar sem gert er ráð fyrir að draga úr afskiptum menntamálaráðuneytis af málefnum einstakra grunnskólanemenda með því að skólastjórum verði heimilað að veita undanþágur frá skyldunámi í tilteknum námsgreinum í stað ráðherra áður. Ekki er gerð athugasemd við þessa breytingu að því tilskyldu að kveðið verði á um að forráðamenn nemanda geti kært synjun skólastjóra til skólanefndar, enda er hér um að ræða ákvörðun um réttindi og skyldur viðkomandi nemanda.

20. gr.

Í greininni er lögð til breyting á málsmeðferðarreglu 41. gr. laganna til að gera hana skýrari en nú er. Breytingin er til bóta. Rétt er þó að leggja áherslu á að kveða þarf



á um skyldu skólastjóra og skólanefndar til að gera forráðamönnum nemanda grein fyrir þeim reglum sem um málsmeðferðina gilda, m.a. um kærurétt.

Með vísan til framangreindra athugasemda er lýst yfir stuðningi við framkomið frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Rafnar, umboðsmaður barna

Alþingi
Erindi nr. P 132/1376
komudagur 20. 3. 2006

Vísindanefnd
Vísinda- og tækniráðs


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

17. mars 2006

Efni: Frumvarp til laga um grunnskóla, 447. mál.

Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs barst til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis frumvarp til laga um grunnskóla. Nefndin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst


Edda Lilja Sveinsdóttir
ritari



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. apríl 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.66/1995, um grunnskóla, með síðari breytingum

ÖBÍ hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 66/1995, um grunnskóla með síðari breytingum.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir:

Í 1. másl. 1. mgr. 1. gr. eru lagðar til þær breytingar að takmarka skyldu sveitarfélaga til að halda skóla fyrir öll börn á aldrinum 6 – 16 ára við þau börn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. ÖBÍ leggur áherslu á að sú breyting sem hér er lögð er til, þ.e. að skylda sveitarfélaga til að halda skóla nái aðeins til þeirra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, verði ekki til að þrengja rétt barna sem vegna fötlunar þurfa að sækja sérskóla utan síns sveitarfélags.

Í tillögu um breytingu á 18. gr. laganna, sem fjallar um skólahúsnæði, er 2. másl. 2. mgr. tekin út og í staðinn koma tveir nýir málsliðir sem eru svohljóðandi: „Grunnskólinn er vinnustaður nemenda. Við hönnun og byggingu skólahúsnæðis skal taka mið að þörfum nemenda og líðan og leggja áherslu á öruggt náms- og starfsumhverfi.“ ÖBÍ fagnar þessum breytingum en telur þó nauðsynlegt að bætt verði við ákvæði um skyldur sveitarfélaga og þeirra sem eru ábyrgir fyrir sjálfstætt reknum grunnskólum til að tryggja aðgengi að skólahúsnæði og skólalóðum. Í allt of miklu mæli eru skólabyggingar og skólalóðir óaðgengilegar fólki með fötlun s.s. hreyfihömluðum, sjónskertum og heyrnarskertum, bæði nemendum og starfsfólki sem við þá starfa. Hefur þetta m.a. haft veruleg áhrif á framkvæmd yfirlýstrar skólustefnu um skóla án aðgreiningar. Jafnframt leggur ÖBÍ áherslu á að í 18. gr. verði kveðið á um skyldu sveitarfélaga og þeirra sem bera ábyrgð á sjálfstætt reknum skólum til að gera áætlun um lagfæringar á skólabyggingum og skólalóðum til að tryggja aðgengi. Einnig að sett verði tímamörk á þá framkvæmdaáætlun. Leggur ÖBÍ til að nýr málsliður verði svohljóðandi.:

„Grunnskólinn er vinnustaður nemenda. Við hönnun og byggingu skólahúsnæðis skal taka mið að þörfum nemenda og líðan og leggja áherslu á öruggt náms- og starfsumhverfi. Þá skal aðgengi tryggt að öllu skólahúsnæði og skólalóðum.“


Í 20. gr. laganna er bætt við nýjum málslið sem er svohljóðandi:

„Jafnframt skal ráðherra í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja sérstaka reglugerð um slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum.“

ÖBÍ leggur áherslu á að sbr. 18. gr. þá verði slysavarnir og öryggismál nemenda og starfsfólks með fötlun tryggt.

Í 56. gr. laganna eru lagðar til breytingar sem heimila menntamálaráðherra að viðurkenna grunnskóla eða hluta af grunnskóla sbr. 3. gr. , sem reknir eru af öðrum enn sveitarfélögum. Er lagt til að sjálfstætt starfandi skólar eigi rétt á allt að 75% framlagi úr sveitarsjóði. Í þessu sambandi vill ÖBÍ vekja athygli á mikilvægi þess að sjálfstætt starfandi skólar sem reknir eru að mestu fyrir opinbert fé lúti sömu opinberum réttarreglum og almennir grunnskólar með tilliti til jafnræðis nemenda til náms. Er því brýnt að þau skilyrði sem fram koma í 30. gr. laga nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, nánar tiltekið um gerð þjónustusamninga eigi einnig við um sjálfstætt starfandi skóla sem reknir eru að miklu leyti fyrir opinbert fjármagn.

Virðingarfyllst,
f.h. ÖBÍ


Hafdís Gísladóttir
framkvæmdastjóri